

**Dagskrá stjórnarfundar nr. 13**  
**27. maí 2013 kl. 17:00 á skrifstofu HRFÍ**

**Mættir: Jóna Th. Viðarsdóttir, Björn Ólafsson, Delia Howser, Anna Flygenring, Ólafur E. Jóhannsson og Guðmundur M. Guðmundsson**

**Fríður Esther Pétursdóttir framkvæmdastjóri ritar fundinn.**

**1. Ársreikningar.**

Ársreikningar fyrir Hundaræktafélag Íslands og Ra ehf fyrir árið 2012 ásamt samstæðureikningum lagðir fram og undirritaðir af Stjórn.

**2. Grundvallarreglur HRFÍ.**

Álit kynnt frá Ingibjörgu Björnsdóttur hdl Embla lögmenn, ákveðið var að breyta orðalagi í samræmi við ábendingar Ingibjargar og í framhaldinu að leggja fyrir siðanefnd hvernig þau telji að vinna sé eftir nýjum Grundvallarreglum.

**3. Aðalfundur.**

Formaður fór yfir dagskrá aðalfundar.

**4. Nýr dómari.**

Sýningadómaranefnd HRFÍ fékk senda tilkynningu frá DKK's Show Judge Committee þess efnis að Ásta María Guðbergisdóttir hefði staðist öll próf og lögðu til að við samþykktum hana sem dómara á eftirfarandi hundakyn: Papillon, Phaléne, Shih Tzu, Chihuahua, Tibetan Spaniel og Chinese Crested.

Stjórn HRFÍ samþykkir Ástu Maríu sem dómara.

**Fundi slitið kl.19.00**